



DALAPÓSTURINN

3. tölublað, 8. árgangur
9. mars 2015

Endurvinnsla og sorphirða

Opnunartímar endurvinnslustöðvarinnar eru á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14.

Sorphirða er annan hvorn þriðjudag.

Blak í Dalabúð

Búið er að gera aðstöðu fyrir blak í Dalabúð. Hafi einhver áhuga á að smala í hóp og spila blak þar, þarf bara að hafa samband við ípróttu- og tómstundafulltrúa með framhaldið. Netfangið er tomstund@dalir.is

Sælingsdalslaug

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í febrúar eru á þriðjudögum kl. 15:30-20:00, miðvikudögum kl. 18:00-21:45 og fimmtudögum kl. 15:30-18:00.

Auk þess verður opið þrjá laugardaga til reynslu, þ.e. **7., 14. og 21. mars** kl. 13-16. Tilvalið er fyrir alla fjölskylduna að að fara þá í sund og njóta annarra útivistarmöguleika á Laugum. Má þar nefna Lillulund, brekkur fyrir snjópotur, skautasvell, gönguleiðir og margt fleira.

Félagsþjónustan

Föst viðvera félagsráðgjafa er í stjórnsýsluhúsinu fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl 13 - 16.

Skrifstofa félagsmálastjóra Borgarbyggðar er á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Sími 433 7100 og fax 433 7101.

Íbúafundur

Þriðjudaginn 17. mars verður haldinn íbúafundur um ljósleiðaramál í Dalabúð og hefst hann kl. 20:00.

Á fundinn mætir m.a. Haraldur Benediktsson Alþingismaður, formaður starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og mun hann kynna niðurstöðu starfshópsins. Vonast er til að niðurstöðurnar leiði til átaksverkefnis um lagningu ljósleiðara um dreifbýli landsins. Dalamenn þurfa að taka höndum saman til að tryggja að dreifbýli Dalabyggðar verði fremst í röðinni þegar kemur að verkefninu.

Dagskrá fundarins verður nánar auglýst á vef Dalabyggðar dalir.is þegar nær dregur.

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Dreifnámsdeild í Búðardal

Miðvikudaginn 11. mars n.k. kl. 17:00 mæta fulltrúar Menntaskóla Borgarfjarðar og kynna starfsemi dreifnámsdeildarinnar í Búðardal og mögulegt námsframboð. Fundurinn verður í Auðarskóla. Foreldrar og nemendur í 8. – 10. bekk eru hvattir til að mæta.

Skólameistari og sveitarstjóri

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Endurvinnslukort Dalabyggðar

Dalabyggð gerði fyrir nokkru samning við Náttúran.is (www.natturan.is) um gerð endurvinnslukorts á vef Dalabyggðar. Er það nú komið á vefinn.



Tilgangur endurvinnslukortsins er að:

- fræða almenning um endurvinnslu
- hvetja fólk til að minnka magn óflokkaðs sorps í heimilistunnum
- gefa yfirlit um hvar á landinu er tekið við hverjum endurvinnsluflokki.

Endurvinnslukort sveitarfélaganna fela m.a. í sér eftirfarandi þjónustu:

- skilgreiningu á endurvinnslumöguleikum og sorpþjónustu svæðisins. Þ.e. sorptunnum, lúgum, móttökustöðvum og endurvinnsluflokkum
- sorphirðudagatal tengt heimilisfangi persónu eða fyrirtækis. Það vísar síðan á bestu leiðina að næstu móttökustöð og viðvaranir varðandi veður á leiðinni
- tengingu við ítarefni á endurvinnslukortinu yfir allt landið.
- efni er bæði á íslensku og ensku.

Sveitarstjóri

Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Sunnudagana 15. mars og 22. mars verða sögustundir á Byggðasafni Dalamanna. Dagskrá þeirra er ekki að fullu ákveðin, en verður auglýst á vef Dalabyggðar.

Aðgangseyrir er 500 kr fyrir fullorðna.

Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vef og skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til 31. mars.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Árgjald héraðsbókasafns fyrir árið 2015 verður óbreytt frá fyrra ári, það er 1.000 kr. Eindagi árgjaldsins er 1. apríl.

Hægt er að greiða árgjaldið inn á reikning 0312-26-001818, kt. 510694-2019 (æskilegt er að merkja greiðsluna bókasafninu). Ef greitt er fyrir annan er mikilvægt að merkja greiðsluna viðkomandi. Eftir eindaga verða greiðsluseðlar sendir út að viðbættum kostnaði.

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Netfangið er bokasafn@dalir.is og síminn 430 4720.

Á bókasafninu eru í vetur listaverk eftir leikskólabörnin og er þeim reglulega skipt út og í tilefni 100 ára kosningafmælis íslenskra kvenna er sýning á bókum um og eftir konur.

Gestir safnsins hafa ekki verið fleiri um langan tíma, en aðsókn hefur aukist jafnt og þétt. Gestir safnsins voru í febrúar 229 og heimili með bókasafnsskírteini eru 132, sem er um helmingur heimila í sveitarfélaginu.